

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



<b>Dags eftirlits</b>	13.10.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Malbikunarstöð Akureyrar	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	v/ Súluveg (Miðhúsavegi)	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4101696229	<b>Flokkur</b>	Malbik
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Helgi Már Pálsson	<b>ÍSAT nr.</b>	26.82.9
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón og Árni	<b>Staðsetning</b>	539861,247 575194,992

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram við eftirlitið en ein athugasemd var gerð varðandi hraða útblásturslofts.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því. Farið var yfir drög af nýju starfsleyfi sem verið er að vinna að.

Starfsemin hófst aftur þann 10 maí eftir vetrarlokun. Ekki var mikil starfsemi í stöðinni er eftirlitið fór fram en verður hún starfandi eins lengi fram á haustið og veður leyfir. Reiknað er með að starfsemi hefjist aftur í stöðinni um leið og veður leyfir á vormánuðum. Framleiðslan í ár hefur verið fremur lítil.

Engar breytingar hafa orðið á stöðinni frá síðasta eftirliti og engar breytingar eru fyrirhugaðar á næstunni.

Útblástursloft í skorsteini var mælt nú um miðjan október og voru niðurstöður þeirrar mælingar sendar eftirlitsaðila með tölvupósti þann 9. nóv. sl. Voru þær innan marka starfsleyfis eða 60 mg/Nm<sup>3</sup>. Hraði útblásturslofts náði þó ekki alveg viðmiðum starfsleyfis sem er 20 m/s (+/- 10%), en hann var 17,6 m/s.

Olíuskiljan var tæmd í sept sl. og var lítið sem ekkert í henni. Stefnt er að mælingum á virkni skiljunnar og olúprófi á næstu vikum.

Farið var yfir skráningar vegna reksturs hreinsibúnaðar, er það fyllt út mánaðarlega og framkvæmdir skráðar, pokaskiptingar og viðhald. Farið er yfir hreinsibúnað á 2ja-3ja vikna fresti.

Allri úrgangsolíu er safnað saman og hún send niður á Umhverfismiðstöð bæjarins og þaðan í förgun.

Asfaltgeymir sem staðsettur er á hafnarsvæðinu á Akureyri var sjónskoðaður. Lekavarnarþróin var heilleg á að líta og umgengni góð. Geymirinn var botnþykktarmældur í apríl 2013 og er í góðu lagi. Huga þarf að mælingum á daggeymi fyrir asfalt sem staðsettur er við stöðina, á næsta ári. Minnt er á að þrýstiprófa þarf lagnir á 5 ára fresti, næst árið 2017.

Rekstraraðili er ekki með umhverfisstjórnunarkerfi en hefur sett sér umhverfismarkmið.

Engar girðingar eru í kringum stöðina en slá er sett fyrri innkeyrslu til varnar óviðkomandi bílaumferð utan vinnutíma. Plön eru malbikuð.

Á áætlun er að planta trjám í kringum stöðina og fegra ásýnd svæðisins.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin umhverfisóhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

### ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að hraði útblásturslofts náði ekki alveg viðmiðum starfsleyfis sem er 20 m/s (+/- 10%), en mæling hljóðaði upp á 17,6 m/s.

### ANNAÐ

Rekstraraðili hefur fengið framlengda undanþágu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu frá 5. gr. a laga nr. 7/1999 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem kveðið er á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Gildir undanþágan þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út, en þó ekki lengur en til 31. des 2016.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.11.2016

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir